
Efnistaka sunnan Högnhöfða í landi Úthlíðar

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 14. október 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Geir Goða ehf. um fyrirhugaða efnistöku sunnan Högnhöfða í landi Úthlíðar, Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er Efla Suðurland.

Framlögð gögn

Tilkynning frá Geir Goða ehf.

Umsagnir bárust frá:

- Bláskógabyggð með bréfi dags. 12. ágúst 2015
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. nóvember 2015
- Skógrækt ríkisins með bréfum dags. 29. október og 21. desember 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. október 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 6. nóvember 2015 og 8. febrúar 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að einkahlutafélagið Geir Goði ehf. hyggst í samráði og samstarfi við eigendur jarðarinnar Úthlíð í Biskupstungum opna og reka efnisnámu. Náman er í útjaðri Úthlíðarhrauns ofan byggðar í Úthlíð.

Náman er á 2,4 ha svæði við veginn yfir Úthlíðarhraun og er ráðgert að vinna allt að 30.000 m³ af malarefni úr námunni. Á fyrirhuguðu námusvæði hefur landi þegar verið raskað að hluta með efnistöku. Áfangaskipting námuvinnslunnar verður með þeim hætti að reiknað er með að um helmingur af fyrirhuguðu efni verði tekinn úr námunni um leið og hún verður opnuð. Á næstu þremur árum þar eftir verður tekið úr námunni 5.000 m³ á ári. Tryggt verður að frágangur verði góður að námuvinnslu lokinni. Allir bakkar námunnar skulu jafnaðir og landi lofað að gróa upp af gróðurþekju samsvarandi og er nú þegar á svæðinu. Ekki skal sá í svæðið nema að fræ séu samsvarandi og núverandi gróður.

Skarðavegur, sem liggur frá Úthlíð að námusvæði er ágætlega burðarhæfur vegur og er ekki talin þörf á að byggja hann upp frekar. Aðeins er um að ræða lítilsháttar viðhald á nokkrum stöðum, sem gert yrði í tengslum við opnun námunnar. Þar sem slóðinn liggir innan námusvæðisins sé ráðgert að færa hann á 200 m kafla til austurs út fyrir aðal vinnslusvæðið.



Umhverfisáhrif

Sjónræn áhrif

Fram kemur að þar sem fyrirhuguð náma er á óbyggðu landi og þar sem fáir eiga leið um er ekki búist við ónæði af námunni sem slíkri. Það fer þó ekki hjá því að einhver sjónræn áhrif verði af efnistöku. Þau áhrif eru þó í lágmarki, nema þegar farið er um slóðann við hlið námunnar. Með því að ganga frá námunni jafnóðum og efnisvinnsla flyst norð-vestar er hægt að minnka þau sjónrænu áhrif. Fjær námunni er hún lítt sýnileg nema úr lofti eða frá hlíðum Högnhöfða. Ekki er reiknað með að efni verði haugsett í námunni nema á þeim tímum sem vinnsla efnis fer fram í námunni. Búast má við að það sé í takmarkaðan tíma í senn.

Umhverfisstofnun bendir á í sinni umsögn að fyrirhugað námusvæði sé í mjög fallegu umhverfi og ætti því að leggja mikla áherslu á að ummerki um efnistöku verði sem minnst. Stofnunin vill benda á þann möguleika að í stað þess að leggja nýjan veg á jaðri eldri námu eigi að kanna hvort betur færi á því að leggja veginn um námubotninn og brjóta bakka gömlu námunnar betur niður þannig að náma falli betur að landi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til ábendingar Umhverfisstofnunar, enda aðeins markmið hans að halda jeppaslóða áfram færur og koma í veg fyrir utanvega akstur fyrir utan námusvæðið. Ekki er fyrirhugað að fara í efnisvinnslu á sjálfu efnistökusvæðinu, annað en hugsanlega hörpun jafnhliða efnistöku.

Gróður

Fram kemur yfirborð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er að hluta uppgróið með birki- og víðikjarri. Talsverður lággróður er á svæðinu, sem er þó rofin af þurrum lækjarfarvegi sem liggur yfir námusvæðið. Gróðurþekja er u.þ.b. 75% á námusvæði. Fram kemur að slóðastæðið er í sambærilegu landi og er á námusvæðinu. Á 125 m kafla af þeim 225 m sem slóðinn er færður til er farið yfir gróið svæði. Ekki verður farið í að höggva eða raska stökum trjám heldur verður slóðinn lagaður að núverandi landi og gróðri.

Í umsögn Skógræktar ríkisins eru gerðar athugasemdir við að í gögnum um framkvæmdina komi ekki fram neinar upplýsingar um heildarskógareyðingu vegna fyrirhugaðs malarnáms. Tillögur um mótvægisáðgerðir vegna þess skógar sem ruddur verður þurfa að vera fyrirbyggjandi ásamt framkvæmdalýsingu, áfangaskiptingu og undirrituðum mótvægisáðgerðum við Skógrækt ríkisins. (Sbr. skógræktarlög II. kafla um meðferð skóga, kjarrs og lyngs.)

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rétt sé að ekki hafi farið fram beint mat á skógareyðingu vegna námunnar. Það sé matsatriði hvað skuli teljast skógur og hvað skuli teljast kjarri vaxið svæði og hvað svæði með jarðlægum lággróðri. Á umræddu svæði eru ekki stök tré yfir 3 m, væntanlega mjög fá tré sem ná yfir 2 m í hæð. Á hluta svæðisins er talsvert af birki, um eða undir 2 m hæð. Einnig er á svæðinu lágvaxnari gróður eins og víðir.

Varðandi áfangaskiptingar á vinnslu námunnar þá eru áform námuhafa að vinna námuna frá eldri námu til norðurs. Það efni sem eftirsóknarverðast er liggur að mestu eftir farveginum til norðurs undir núverandi slóða. Á hverju ári skilar skriðan ofan úr gilinu í Högnhöfða talsverðu af efni í vorleysingum. Má því segja að að hluta til sé náttúrulegur frágangur í hluta svæðisins. Einnig er á þessu svæði minnst af kjarri og öðrum gróðri.

Sem mótvægi við gróðureyðingu verður leitast eftir því að taka hnausa með stökum trjám og koma fyrir í bökkum frágenginnar námu eftir því sem vinnslu vindur fram. Einnig verður svörður með gróðri færður í frágengið svæði. Sem mótvægi er námuhafi tilbúinn til að gróðursetja birkiplöntur aftur á jafn stóru svæði innan tveggja ára. Einnig fagnar námuhafi boði Skógræktarinnar um samstarf varðandi mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlegar skógareyðingar sem kunna að hljóta af fyrirhuguðum framkvæmdum.



Vatnsvernd

Fram kemur að námusvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Ekki er reiknað með að vegna námuvinnsunnar falli til mengandi efni, nema frá tækjum sem notuð eru við vinnsluna og flutning efnis frá námunni.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að framkvæmdaraðili mun tryggja að á svæðinu verði ekki geymd mengandi efni og sérstaklega hugað að því að vinnuvélar og önnur tæki sem tengjast starfseminni mengi ekki umhverfi með olíuleka.

Fram kemur í umsögnum Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matskyld. Skógrækt ríkisins telur í ljósi svara framkvæmdaraðila við umsögn að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Leyfisveitingar

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í framkvæmdaleyfi verði þess gætt að samanlagt magn efnis sem þegar hefur verið tekið á svæðinu ásamt því sem fyrirhugað er að taka fari ekki yfir 30.000 m³.

Niðurstaða

Um er að ræða efnistöku sunnan Högnhöfða í landi Úthlíðar, Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umfang fyrirhugaðrar efnistöku er ekki mikið með hliðsjón af stærðarviðmiðum efnistöku sem fellur í flokk B í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Staðsetning framkvæmdarinnar, innan vatnsverndarsvæðis, gerir að verkum að hún fellur í flokk B.

Framkvæmdin sem fellur innan fjarsvæðis vatnsverndar skapar ákveðna hættu á mengun vatns og því mikilvægt að geymsla olíuefna verði ekki á námusvæðinu umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni til að lágmarka hættu á að spilliefni berist í grunnvatn á svæðinu, sér í lagi þar sem það er í nágrenni við stóra sumarhúsabyggð. Eðli starfseminnar og boðað verklag framkvæmdaraðila gefur til kynna að ólíklegt sé að grunnvatn spillist vegna efnistökkunnar.

Þrátt fyrir fremur umfangslitla efnistöku er vert að hafa í huga að efnistökusvæðið er í grónu umhverfi þar sem búast má við að umferð sumarhúsagesta úr nágrenninu. Mikilvægt er vandað verði til verka við mótvægisáðgerðir vegna skerðingar á gróðri og þær unnar í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Með góðum frágangi að framkvæmdum loknum má draga úr neikvæðum áhrifum.

Gera má ráð fyrir einhverri truflun af völdum efnisflutninga á framkvæmdatíma og mikilvægt að henni sé hagað þannig að sem minnst truflun hljóti af.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka sé ekki



Líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæðaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. mars 2016.

Reykjavík, 26. febrúar 2016.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson